

# Siðareglur

## kjörinna fulltrúa Sandgerðisbæjar

### 1. gr.

#### Tilgangur og markmið.

Þess er vænst að það fólk sem kjörið er í lýðræðislegum kosningum til starfa fyrir Sandgerðisbæ sýni gott siðgæði í störfum sínum, og þannig að til fyrirmyndar sé.

Siðareglur þessar eru leiðbeiningar um þá siðferðilegu ábyrgð sem fylgir störfum kjörinna fulltrúa, þær skilgreina þætti í háttarni og framkomu sem stuðla að því að kjörnir fulltrúar sinni störfum sínum fyrir Sandgerðisbæ af vandvirkni, trúmennsku og á árangursríkan hátt og efli þannig traust og trúnað almennings á störfum þeirra.

Siðareglurnar gilda fyrir fulltrúa í bæjarstjórn Sandgerðisbæjar, fyrir kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum bæjarfélagsins og fyrir fulltrúa í vinnuhópum sem skipaðir eru af bæjarstjórn.

### 2. gr.

#### Ábyrgð og óhlutdrægni.

Í störfum sínum eru kjörnir fulltrúar bundnir af lögum, reglum, samþykktum Sandgerðisbæjar og af sannfæringu sinni. Kjörnum fulltrúum ber að hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnábyrgðar, gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku sem byggir á hagsmunum Sandgerðisbæjar og þeirra sem þjónustu bæjarfélagsins njóta.

Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, axla ábyrgð á ákvörðunum sínum, sýna ráðvendni og framkvæma ekkert það sem vekja má grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Sandgerðisbæjar.

Kjörnir fulltrúar skulu hafa heilindi og heiðarleika að leiðarljósi, koma fram af háttvísi, sýna öðru fólki virðingu og mismuna fólki ekki eftir uppruna, kyni, kynhneigð, aldri, fötlun, trúarbrögðum eða stöðu.

### 3. gr.

#### Valdmörk.

Kjörnum fulltrúum ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna bæjarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Sandgerðisbæjar til að brjóta þær meginreglur sem fram koma í þessum siðareglum.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Sandgerðisbæjar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

Kjörnir fulltrúar mega ekki beita réttindum sínum eða aðstöðu í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið beinna eða óbeinna hagsbóta af því. Þeir skulu gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum til að gera það.

4. gr.

Stöðuveitingar.

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá Sandgerðisbæ á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið. Þeim ber að hafa að leiðarljósi að velja hæfasta umsækjandann komi þeir sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum.

5. gr.

Ábyrgð fjármála.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun Sandgerðisbæjar og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

6. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi veit að hæfi hans eða annars kann að orka tvímælis í máli skal hann vekja athygli á því áður en umræður og atkvæðagreiðsla fara fram um málið.

7. gr.

Gjafir og fríðindi.

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum ef líta má á það sem endurgjald fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

8. gr.

Trúnaður.

Kjörnir fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að látið er af störfum. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fulltrúa á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Sandgerðisbæjar og um innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um.

9. gr.

Skuldbinding við siðareglur.

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi.

Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki, íbúum og þær kynntar á heimasíðu Sandgerðisbæjar.

Samþykkt á 336. fundi bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar 3. júlí 2013.

Staðfest af Innanríkisráðuneyti 10. desember 2013.